

9. fundur ferðamálaráðs
7. janúar 2016 kl. 11-13

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Mættir: Þórey Vilhjálmsdóttir formaður, Jón Ásbergsson, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Þórir Garðarsson, Ásbjörn Þ. Björgvinsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Halldór Benjamín Þorbergsson, Hjálmar Sveinsson, Ólöf Ýrr Atladóttir og María Reynisdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir: Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu og Brynhildur Pálmarsdóttir lögfræðingur hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

1. Kynning Íslandsstofu á markaðsstarfi fyrir ferðaþjónustu

Jón Ásbergsson og Inga Hlín Pálsdóttir kynntu Íslandsstofu og svið ferðaþjónustu og skapandi greina. Farið var yfir hlutverk, markmið og fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir 2016 og sagt frá endurnýjuðum samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sem tekur inn áherslur nýs Vegvísis í ferðaþjónustu. Þá var farið yfir verkefni sviðsins árið 2015, markaðsáherslur, og verk – og markmiðsáætlun og fjárhagsáætlun 2016 kynnt.

2. Íbúðagisting

Brynhildur Pálmarsdóttir kynnti og svaraði spurningum um helstu atriði skýrslu Háskólans á Bifröst um íbúðagistingu í samanburði við frumvarp til breytinga á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem verður lagt fram að nýju á 145. löggjafarþingi.

3. Önnur mál

Hörður Þórhallson frá Stjórnstöð ferðamála mun mæta á næsta fund Ferðamálaráðs í febrúar, og stefnt er að því að han muni hitta ráðið framvegis ársfjórðungslega svo Ferðamálaráð geti fylgst með málum og komið með innlegg í vinnu Stjórnstöðvar.

Fundi slitið kl. 12:45